

66. kirkjuþing 2024 – 2025

20. mál – þskj. 20a

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing nr. 10/2021-2022.

Flm. Steindór R. Haraldsson, Áslaug I. Kristjánsdóttir, Konráð Gylfason.

1. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kirkjuþing kýs árlega stjórn Þjóðkirkjunnar á síðasta fundi reglulegs kirkjuþings að hausti. Stjórnina skipa þrír kirkjuþingsfulltrúar úr röðum aðalmanna, tveir úr hópi óvígðra og einn úr hópi vígðra. Varamenn eru kosnir með sama hætti. Formaður komi úr röðum leikmanna og skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Stjórnin starfar á ábyrgð kirkjuþings og lýtur boðvaldi þingsins. Meirihluti stjórnar ritar firma Þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við næstu kosningu stjórnar.